

Krossaspurningar fyrir kælitækni 3.

1. Þegar kælimiðillinn þéttist í eimsvalanum þá:
 - A) Eykst varminnihaldið (kj/kg) í kælimiðlinum
 - B) Minnkar varminnihaldið (kj/kg) í kælimiðlinum
 - C) Varminnihaldið helst óbreytt

2. Þegar kælimiðillinn eumast í eimaranum þá:
 - A) Eykst varminnihaldið (kj/kg) í kælimiðlinum
 - B) Minnkar varminnihaldið í kælimiðlinum
 - C) Varminnihald helst óbreytt

3. Hvaða skaðlegu áhrif hefur R410A á umhverfið?
 - A) Brýtur niður ósonlagið
 - B) Veldur gróðurhúsaáhrifum
 - C) Veldur gróðurhúsaáhrifum og brýtur niður ósonlagið

4. Þegar kælimiðillinn fer í gegnum þennslulokann inn í eimarann þá:
 - A) Eykst vermið í kælimiðlinum
 - B) Minnkar vermið í kælimiðlinum
 - C) Vermið helst óbreytt

5. Tilgangurinn með því að lofttæma er:
 - A) Til að ná út öllu lofti
 - B) Til að ná út lofti og vatni
 - C) Til að ná út lofti, vatni og olíu

6. Þegar þú lofttæmir kælikerfi þá er hitastýrði þennslulokinn (TEV).
 - A) Full lokaður
 - B) Full opinn
 - C) Ómögulegt að segja

7. Hversu lengi á að lofttæma kerfi?
- A) 3 Klst
 - B) 12 Klst
 - C) Fer eftir stærð kerfis
8. Hvaða hlutverk hefur „gasballest“ lokinn á lofttæmidælunni?
- A) Til að ná meiri afköstum
 - B) Til að koma í veg fyrir að vatnseimurinn þéttist í dælunni
 - C) Til að koma í veg fyrir að kælimiðill þéttist í dælunni
9. Við áfyllingu R134a kælimiðils á kerfið máttu setja hann inn;
- A) Bara í vökvafasa
 - B) Bara í gasfasa
 - C) Skiptir ekki máli
10. Við áfyllingu R407C kælimiðils á kerfið máttu setja hann inn
- A) Bara í vökvafasa
 - B) Bara í gasfasa
 - C) Skiptir ekki máli
11. Þú ert með flösku sem inniheldur endurheimtan kælimiðil R410A. Er hann
- A) Hættulegt efni
 - B) Hættulegt efni og hættulegt spilliefni
 - C) Hættulegt spilliefni
12. R404A kælikerfi er með 50 kg fyllingu. Hversu oft á að lekaleika kerfið
- A) Einu sinni á ári
 - B) Með 6 mánaða millibili
 - C) Þriðja hvern mánuð

13. Þú gangsetur nýtt kerfi með 40 kg af R134a. Hvenær áttu að lekaleita kerfið;
- A) Strax
 - B) Eftir 3 mánuði
 - C) Eftir 6 mánuði
14. Hversu lítinn leka á rafeinda lekaleitataka að finna?
- A) 3 grömm/ári
 - B) 5 grömm/ári
 - C) 10 grömm/ári
15. Hvað af eftirtöldu, getur gefið til kynna að kælimiðilsleki sé á kælikerfinu?
- A) Sogþrýstingur er lægri en venjulega
 - B) Yfirhitun á soglögn er lægri en venjulega
 - C) Heitgashiti er hærri en venjulega
 - D) Lítil eða engin undirkæling í vökvanum
 - E) Aðeins helmingur af eiminum hrímar
 - F) Eimsvaþþrýstingur er hærri en venjulega
 - G) Straumtaka rafmótors er hærri en venjulega
 - H) Olía hefur safnast fyrir í eimi
 - I) Gasbólur sjást í sjónglasi á vökvalögn
16. Þú ert að tappa kælimiðli af kerfinu og setur á flösku sem þú komst með. Á flöskunni segir að nýr kælimiðill R134a sé 28 kg og tara vigt flöskunar sé 9 kg. Hvernig athugar þú hvort flaskan sé tóm?
- A) Vigtar flöskuna og berð saman við tara vigt
 - B) Opnar örlítið lokann á flöskunni og athugar hvort eitthvað blási út.
 - C) Hristir flöskuna til að athuga hvort vökvi sé í henni

17. Þú ert að tappa kælimiðil út af kerfinu og setur á flösku sem þú komst með. Á flöskunni segir að nýr kælimiðill 134a sé tara vigt flöskunnar sé 9 kg. Hvernig fannst þú út að 6 kg væru í flöskunni af kælimiðli?
- A) Flaskan vigtaði 43 kg
 - B) Flaskan vigtaði 15 kg
 - C) Flaskan vigtaði 22 kg
18. Þegar þú notar köfnunarefni, þarft þú að nota þrýstimminkara. Áður en þú opnar lokann á flöskunni athugar þú að:
- A) Þrýstijafnarinn sé fullskrúfaður út
 - B) Þrýstijafnarinn sé fullskrúfaður inn
 - C) Skiptir ekki máli á meðan tengistútur frá stillinum er opinn
19. Þegar þú líðar saman stál og kopar þá notar þú:
- A) Silfur án flux
 - B) Silfur með flux
 - C) 5% koparslaglóð
 - D) 15% koparslaglóð
 - E) Tin
20. Hvaða fullyrðing á við azeotropískar kælimiðilsblöndur sem sjóða í eimara?
- A) Uppsúðuhitastig hækkar við suðu
 - B) Uppsúðuhitastig lækkar við suðu
 - C) Uppsúðuhitastig helst óbreytt við suðu
21. Hvaða fullyrðing á við zeotropískar kælimiðilsblöndur sem sjóða í eimara?
- A) Uppsúðuhitastig hækkar við suðu
 - B) Uppsúðuhitastig lækkar við suðu
 - C) Uppsúðuhitastig helst óbreytt við suðu

22. Hver er einingin fyrir eðlisvarma?

- A) kW
- B) kJ/kg*k
- C) J/sek

23. Azeotropískar kælimiðilsblöndur eru:

- A) Blöndur sem þéttast við hækkandi hitastig
- B) Blöndur sem þéttast við óbreytt hitastig
- C) Blöndur sem þéttast við lækkandi hitastig

24. Zeotropískar kælimiðilsblöndur eru :

- A) Blöndur sem þéttast við hækkandi hitastig
- B) Blöndur sem þéttast við lækkandi hitastig
- C) Blöndur sem þéttast við óbreytt hitastig.

25. Hver eftirtalinna kælimiðla er zeotropísk kælimiðilsblanda?

- a) R507
- b) R407C
- c) R600a

26. Hver eftirtalinna kælimiðla er azeotropísk kælimiðilsblanda?

- A) R507
- B) R407C
- C) R290

27. Í soglögn með kælimiðilinn R410A mælist þrýstingurinn 4.5 bar og hitastigið +10°C.

Hvert er ástand kælimiðilsins í rörinu?

- A) Yfirhitað gas
- B) Undirkældur vökvi
- C) Vökvi sem er byrjaður að eimast.

28. Í röralögn með kælimiðilinn R404A mælist þrýstingurinn 10 bar og hitastigið +26°C
Hvert er ástand kælimiðilsins í rörinu?
- A) Yfirhitað gas
 - B) Undirkældur vökvi
 - C) Vökvi sem byrjaður er að eimast
29. Í soglögn með kælimiðilinn R407C mælist þrýstingurinn 5 bar og hitastigið +12°C.
Hvert er ástand kælimiðilsins í rörinu?
- A) Yfirhitað gas
 - B) Undirkældur vökvi
 - C) Gas sem er byrjað að þéttast
30. Í röri á þrýstihlið kerfis með kælimiðilinn R134a mælist þrýstingurinn 10 bar og hitastigið +36°C.
Hvert er ástand kælimiðilsins í rörinu?
- D) Yfirhitað gas
 - E) Undirkældur vökvi
 - F) Gas sem er byrjað að þéttast
31. Gangsetja á kælikerfi með R134a eftir að búið er að skipta um öryggisloka á vökvageymi. PS (leyfður hámarksþrýstingur) fyrir þrýstihliðina er 25 bar. Þá getur:
- A) Þrýsti og þéttleikaprófað við hámarksþrýsting PS
 - B) Þrýsti og þéttleikaprófað við hámarksþrýsting PS * 1.1.
 - C) Þrýsti og þéttleikaprófað við hámarksþrýsting PS * 0.9
32. Hver er þrýstiprófunarregla við þrýstiprófin kæli og frystikerfa?
- A) Hámarks vinnuþrýstingur * 1.30
 - B) Hámarks vinnuþrýstingur * 1.36
 - C) Hámarks vinnuþrýstingur * 1.43